

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 9. nóvember 2020
2010035 JFK


Efni: Umsögn Jafnréttisstofu vegn frumvarps til laga um breytingu á lögum um samvinnufélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um hlutafélög og lögum um sameignarfélög (viðurlög vegna hlutafalls kynja í stjórn).

Jafnréttisstofa þakkar fyrir tækifærið til að koma að umsögn sinni vegna ofangreinds máls.

Jafnréttisstofa styður að frumvarp þetta verði að lögum. Með lögum nr. 13/2010 voru lögfest ákvæði um kynjahlutföll í stjórnum fyrirtækja. Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpi þessu öðluðust þau ákvæði gildi 1. september 2013 og því ljóst að gefinn var rúmur aðlögunartími. Staðreyndin er þó sú að það lögbundna takmark að hlutfall hvors kyns í stjórnum fyrirtækja með fleiri en 50 starfsmenn skuli ekki vera undir 40% hefur ekki enn náðst og skv. tölum Hagstofunnar nær hlutfall kvenna í stjórn ekki 30% í fyrirtækjum með 50-99 starfsmenn. Jafnréttisstofa telur því tilefni til þess að bæta sektarheimildum inn í ofangreind lög svo að til staðar sé úrræði sem hægt er að beita í þeim tilfellum sem fyrirtæki sinna ekki lögbundnum skyldum sínum.

Þá vekur Jafnréttisstofa athygli á að samkvæmt núgildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, er fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa 25 eða fleiri starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skylt að setja sér jafnréttisáætlanir og undirgangast jafnlaunavottun. Leggur Jafnréttisstofa því til að viðmiðunarfjöldi starfsmanna verði samræmdur og að ákvæði um kynjahlutföll í stjórn taki til allra fyrirtækja með 25 eða fleiri starfsmenn.

Þá er einnig vert að nefna að nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna þar sem bætt hefur verið við ákvæði um fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Með þessu er þó ekki vikið frá kröfunni um að hlutfall kvenna skuli aldrei vera minna en 40%. Er lagt til að það frumvarp sem er hér til umsagnar taki með einhverjum hætti tillit til einstaklinga með hlutlausa skráningu kyns.


Jón Fannar Kolbeinsson

lögfræðingur